



Verndarsvæði í Andakíl í Borgarbyggð

Stjórnunar- og verndaráætlun 2018-2027

Drög til kynningar

Júní 2018



Efnisyfirlit

ADGERÐAÁÆTLUN 2018 – 2022	5
1. INNGANGUR	7
1.1. Samráð	8
1.2. Eignarhald og umsjón	8
1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi	8
1.3.1. Ramsar – samningurinn	9
1.4. Verndargildi og verndarflokkur	9
2. LÝSING Á SVÆÐINU	11
2.1. Mörk svæðisins	11
2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði og aðkomuleiðir	11
2.1.2. Samfélagið	11
2.2. Náttúruminjar	11
2.2.1. Gróður og vistgerðir	12
2.2.2. Dýralíf	13
2.2.3. Jarðminjar	15
2.3. Menningarminjar	15
2.4. Landnotkun	16
2.4.1. Landbúnaður	16
2.4.2. Veiðar	16
2.4.3. Ferðapjónusta og útvist	16
2.5. Innviðir og mannvirki	17
2.5.1. Landvarsla	17
2.5.2. Byggingar	17
2.5.3. Aðgengi	17
2.5.4. Vegir og vegslóðar, göngu- og reiðleiðir	17
2.5.5. Skilti	18
2.5.6. Fráveitur	18
2.6. Öryggismál	18
2.7. Fræðsla og kynning	18
2.8. Rannsóknir og vöktun	19
3. MARKMIÐ, STEFNA OG LEIÐIR	20
3.1. Svæðaskipting	20
3.2. Náttúruminjar	22
3.2.1. Gróður og vistgerðir	22
3.2.2. Dýralíf	22
3.3. Menningarminjar	23
3.4. Landnotkun	23
3.4.1. Landbúnaður	24



3.4.2.	Veiðar	24
3.4.3.	Kvikmyndataka og viðburðir	24
3.4.4.	Ferðapjónusta og útivist.....	24
3.5.	Innviðir og mannvirki	25
3.5.1.	Landvarsla	25
3.5.2.	Vegir, slóðar og bílastæði.....	25
3.5.3.	Stígar, göngu- og reiðleiðir	26
3.5.4.	Skilti	26
3.5.5.	Úrgangur	27
3.6.	Öryggismál	27
3.7.	Fræðsla og kynning	27
3.8.	Mönnuð og ómönnuð loftför	28
3.9.	Rannsóknir og vöktun	28
	SÉRSTAKAR REGLUR UM UMFERÐ OG DVÖL	30
	REGLUR OG TILMÆLI	31
	HEIMILDIR	32
	VIÐAUKI I	34
	VIÐAUKI II	38
	VIÐAUKI III.....	39



Leiðarljós fyrir áætlun þessa er að standa vörð um einstakt verndarsvæði fugla sem er mikilvægur hlekkur í keðju lífsvæða farfugla á heimsvísu. Á svæðinu skulu náttúrulegir felar vera ríkjandi í sátt við nýtingu mannsins á svæðinu.

D R Ö Ö G

Aðgerðaáætlun 2018 – 2022

Kafli þessi er forgangsróðun þeirra aðgerða Umhverfisstofnunar sem brýnast er að grípa til svo að verndargildi Andakíls haldist. Aðgerðir þessar styðja við leiðarljós og framtíðarsýn svæðisins. Neðangreindar aðgerðir eru áætlaðar með fyrirvara um að fjármagn til framkvæmda fáiast hverju sinni. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða.

Árlega eða reglubundið

- ✓ Verndarsvæðið verði vaktað í samræmi við vöktunaráætlun sem Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur.
- ✓ Heimasíða um svæðið á vef Umhverfisstofnunar verði uppfærð reglulega.
- ✓ Landvörður, eða staðgengill hans, fylgist reglulega með helstu vaxtarstöðum plantna sem teljast fágætar og/eða í hættu og skrái í landvarðaskýrslu.
- ✓ Landvörður Umhverfisstofnunar á Vesturlandi, eða verktaki á vegum hennar, fylgist með útbreiðslu ágengra, framandi tegunda og skrái inn í eftirlitskerfi landvarða.
- ✓ Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar vinni að því að eyða eða halda í skefjum ágengum, framandi tegundum, aðallega lúpínu og skógarkerfli, með slætti og öðrum aðgerðum.
- ✓ Leitað verður eftir samstarfi við landeigendur um samvinnu við að hefja útbreiðslu ágengra plöntutegunda.

2018

- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og aðra sem málið varðar, geri lista yfir þau skilti sem æskilegt er að sett verði upp og forgangsraði vinnslu þeirra og uppsetningu (sjá tillögur í kafla 3.5.4.).
- ✓ Listi yfir þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á verndarsvæðinu í Andakíl verði aðgengilegur á heimasíðu svæðisins hjá Umhverfisstofnun.
- ✓ Samningur við Landbúnaðarháskóla Íslands um umsjón verndarsvæðisins verði endurnýjaður.

2019

- ✓ Umhverfisstofnun leggi til í innviðaaáætlun að lagt verði til fjármagn til að vinna skilti í samræmi við hugmyndir (sjá hugmyndir að skiltum í kafla 3.5.4.).
- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur og aðra sem málið varðar, meti hvar heppilegt er að gera bílastæði og áningarstaði.
- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur, Sjálfsbjörg og Landbúnaðarháskóla Íslands, leggi mat á og setji fram tillögur um hvaða staðir innan verndarsvæðisins verða gerðir aðgengilegir fyrir alla.
- ✓ Á heimasíðu um verndarsvæðið á vef Umhverfisstofnunar verði settur tengill á yfirlit um fornminjar svæðisins á vef Minjastofnunar Íslands.

- ✓ Niðurstöður rannsókna á ám Andakíls verði aðgengilegar á vef Umhverfisstofnunar t.d. með tenglum á efni þeirra stofnana sem sjá um rannsóknirnar.
- ✓ Umhverfisstofnun mun mælast til þess að skoðað verði hvernig best sé að haga veiðum á afræningjum í samstarfi við landeigendur og sveitarfélagið.
- ✓ Umhverfisstofnun kynni reglur um notkun ómannaðra loftfara fyrir íbúum, félögum fuglaskoðurum og ferðaskrifstofum.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því við Landbúnaðarháskóla Íslands að gerð verði áætlun um hvaða efni skuli notað í göngu- og reiðstíga.
- ✓ Aðlaga skal öryggisáætlun friðlýstra svæða Umhverfisstofnunar að sérstöðu verndarsvæðisins.
- ✓ Ákveðið verði, í samvinnu við landeigendur, hvar sé gert ráð fyrir skógrækt innan svæða A og B sbr. svæðaskiptingu.
- ✓ Þeim tilmælum verði beint til kattaeygenda á verndarsvæðinu að halda köttum sínum inni yfir varptímann til verndar fuglalífi.

2020

- ✓ Gönguleiðakort sé aðgengilegt á heimasíðu um verndarsvæðið á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Umhverfisstofnun kanni áhuga landeigenda á að endurheimta votlendi á jörðum þeirra.
- ✓ Aðkomu- og upplýsingaskilti verði sett við innkomu á verndarsvæðið við Hvítárbrú og við Seleyri/Skógarkot.
- ✓ Umhverfisstofnun vekur athygli á verndarsvæðinu í skólum á svæðinu, með upplýsingum á heimasíðu stofnunarinnar og samtali við skólastjórnendur.

2021

- ✓ Fræðsla/upplýsingar um fugla svæðisins verði aðgengileg á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Gögn og niðurstöður rannsókna og kannana á verndarsvæðinu séu aðgengileg á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því að umsjónaraðili verndarsvæðisins meti þörf fyrir talningu gesta á verndarsvæðinu og staðsetningu teljara til að fá betri mynd af álagspoli landsins.

2022

- ✓ Aðgerðaáætlun endurskoðuð.

1. Inngangur

Verndarsvæðið í Andakíl var friðlýst sem búsvæði blesgæsa árið 2002. Landsvæðið var stækkað árið 2011 og er nú 3.086 ha að stærð, nær yfir 14 jarðir í Andakíl. Svæðið er friðlýst sem búsvæði fugla samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum, nr. 338/2011 og er einn af mikilvægustu áningarstöðum grænlenka blesgæstafnsins á Íslandi. Árið 2013 var svæðið skráð á lista Ramsar-samningsins yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði og hefur undirgengist þær skyldur að framfylgja meginstöðum og markmiðum samningsins.

Vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Andakíl hófst í október árið 2016. Áætlunin var unnin af samstarfshópi sem skipaður var vegna gerðar hennar og er sett í samræmi við 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Áætluninni er ætlað að vera stefnumótandi skjal, unnin í samvinnu við landeigendur, sveitarfélag og Landbúnaðarháskóla Íslands og er hún hugsuð sem stjórnntæki til að móta framtíðarsýn svæðisins og leggja fram stefnu og markmið fyrir svæðið.

Samstarfshópin skipuðu:

Gunnlaugur A. Júlíusson, fulltrúi Borgarbyggðar
Ragnhildur Helga Jónsdóttir, fulltrúi landeigenda 14 jarða sem eiga land innan verndarsvæðisins
Ragnar Frank Kristjánsson, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands
Jón Björnsson, þjóðgarðsvörður þjóðgarðinum Snæfellsjökli
Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar
Hildur Vésteinsdóttir, fulltrúi Umhverfisstofnunar

Áætlunin gildir til ársins 2027 og með henni fylgir aðgerðaáætlun til fimm ára. Að fimm árum liðnum skal meta árangur verndarráðstafana og endurskoða og uppfæra aðgerðaáætlun. Verndarsvæðið í Andakíl er mjög ólíkt öðrum verndarsvæðum hér á landi að því leyti að innan þess eru bújarðir og þéttbýli með margvíslegri starfsemi. Í áætluninni er verndarsvæðinu skipt upp í fimm svæði og er stefna varðandi umgengni, innviði og nýttjar mismunandi eftir eðli svæðanna. Eins og gefur að skilja gilda ólíkar reglur í þéttbýlinu og utan þess.

Með friðlýsingum er almennt stuðlað að því að lífríki fái að þróast eftir eigin forsendum, að jarðminjum sé ekki raskað og náttúrufegurð haldist ósnortin. Megin markmið með gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Andakíl er að draga fram sérstöðu svæðisins og leggja fram stefnu um hvernig viðhalda megi verndargildi þess í sátt við landeigendur, heimamenn og aðra hagsmunaaðila. Sérstaða búsvæðisins er mikil og með áætluninni er stefnt að því að standa vörð um og efla jákvæða ímynd svæðisins.

1.1. Samráð

Í samræmi við 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var haft samráð við landeigendur, fagstofnanir og aðila sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu. Við upphaf vinnunnar var sent bréf til þeirra sem tilgreindir eru í samráðsáætlun í viðauka II þar sem tilkynnt var að vinna við gerð stjórnunar- og verndaráætlun væri að hefjast. Auk þess var á vinnslutíma haft samráð við þessa aðila eins og þurfa þótti og kallað var eftir. Þessum aðilum var einnig sent bréf í upphafi kynningarferlis þar sem upplýst var um kynningartíma og hvar tillögu að áætluninni væri að finna. Opinn íbúafundur var haldinn á Hvanneyri 30. nóvember 2016. Þar var kynning á stjórnunar- og verndaráætlunum almennt og fyrirhugaðri vinnu við áætlun Andakíls lýst. Kallað var eftir skoðunum heimamanna um þau málefni sem fjalla átti um í áætluninni. Annar íbúafundur var haldinn 14. febrúar 2018 þar sem farið var yfir áætlunina í stórum dráttum, helstu áherslur og aðgerðir og rætt hvernig hún getur nýst fyrir verndarsvæðið.

1.2. Eignarhald og umsjón

Alls eiga fjórtán jarðir land innan verndarsvæðisins. Stærsti landeigandinn er Landbúnaðarháskóli Íslands sem á jörðina Hvanneyri. Aðrar jarðir eru í einkaeign en þær eru, taldar frá norðri til suðurs, Hvítárvellir, Heggstaðir, Grímarstaðir, Báreksstaðir, Vatnshamar, Ausa, Neðri-Hreppur, Innri-Skeljabrekka, Ytri-Skeljabrekka, Árdalur, Grjóteyrartunga, Grjóteyri og Skógarkot, sjá kort í viðauka III. Friðlýst svæði eru í umsjón Umhverfisstofnunar skv. 13. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd en gerður var samningur við Votlendissetur Landbúnaðarháskóla Íslands um umsjón og rekstur verndarsvæðisins í samræmi við 4. gr. auglýsingar um verndun búsvæðis fugla í Andakíl nr. 338/2011. Vegna ytri aðstæðna og fjármagnsskorts hefur starfsemi Votlendissetursins lagst af en Landbúnaðarháskóli Íslands tók yfir skuldbindingar þess. Endurnýja þarf umsjónarsamninginn.

1.3. Lagalegur og stjórnsýslulegur rammi

Árið 2002 var Hvanneyrarjörðin friðuð sem búsvæði blesgæsar en árið 2011 var svæðið stækkað og nær nú yfir hluta úr löndum þrettán aðliggjandi jarða auk Hvanneyrar. Svæðið er 3.086 ha að stærð og var friðlýst samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum, nr. 338/2011. Svæðið er friðlýst sem búsvæði fugla og er einn af mikilvægustu áningarstöðum grænlenka blesgæsastofnsins á Íslandi.

Í gildi er aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022. Í aðalskipulaginu er sérstakur kafli um Hvanneyri. Þá hefur verið unnið deiliskipulag fyrir frístundabúskap á Hvanneyri sem samþykkt var sumarið 2017 og haustið 2017 var samþykkt nýtt deiliskipulag fyrir nýjasta hluta byggðarinnar á Hvanneyri, stúdentagarða og Flatahverfi.

Árið 2015 voru gömlu húsin á Hvanneyrartorfunni og umhverfi þeirra ásamt flæðiengjum við Hvítá friðlýst samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015. Svæðið er alls 105 hektarar að stærð.

1.3.1. Ramsar – samningurinn

Í kafla 1.4. kemur fram að við ákvörðun um stækkun á verndarsvæði í Andakíll hafi verið höfð hliðsjón af Ramsar-samningnum. Samningurinn er kenndur við borgina Ramsar í Íran þar sem hann var undirritaður árið 1971. Fullt heiti hans er „Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf“. Á Íslandi öðlaðist samningurinn gildi árið 1978 og með því skuldbundu Íslendingar sig til að lúta ákvæðum hans, s.s. að tilnefna votlendissvæði á lista samningsins, stuðla að skynsamlegri nýtingu votlendissvæða, stofna friðlönd á votlendissvæðum og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um votlendisverndun. Hverju aðildarlandi Ramsar-samningsins ber að tilnefna í það minnsta eitt votlendissvæði, friðlýsa það og sjá um að það njóti fullnægjandi verndar. Alls hafa sex svæði á Íslandi verið samþykkt á lista Ramsar. Þau eru Andakíll, Grunnafjörður, Þjórsárver, Guðlaugstungur, Eyjabakkar og Mývatn og Laxá.

Aðalmarkmið samningsins er að vernda votlendissvæði sem hafa ekki eingöngu gildi í viðkomandi landi heldur á alþjóðavísu og eru því afar mikilvæg fyrir lífríkið, ekki síst sem lífsvæði fyrir fugla. Í samningnum eru votlendissvæði skilgreind mjög víðtækt og nær hugtakið m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metrar. Ramsar-svæði sem skilgreint er sem búsvæði vatnafugla sérstaklega þarf að vera búsvæði fyrir minnst 20 þúsund votlendisfugla eða fyrir meira en eitt prósent af ákveðnum fuglastofni til að teljast alþjóðlega mikilvægt.

Aðaláherslan í vinnu Ramsar-skrifstofunnar hefur verið að vernda þau votlendissvæði sem eftir eru í heiminum en þeim hefur á undanförnum áratugum farið fækkandi. Á sama tíma hefur mönnum orðið ljóst hversu mikla þýðingu votlendi hefur fyrir afkomu manna. Meiri áhersla hefur því verið lögð á fræðslu um hvernig hægt er að nýta votlendissvæði án þess að raska þeim. Verndun og skynsamleg nýting eru lykilhugtök í Ramsar-samningnum.

1.4. Verndargildi og verndarflokkur

Andakíll hefur hátt verndargildi bæði á íslenskan og alþjóðlegan mælikvarða þar sem svæðið er mikilvægt bú- og fæðusvæði fyrir fjölda fuglategunda. Auk þess er svæðið eitt af mikilvægustu fæðusvæðum grænlenku blesgæsarinnar á leið hennar til og frá varpsvæðum og talið að um 10% stofnsins hafi þar viðkomu. Við ákvörðun um stækkun verndarsvæðisins var höfð hliðsjón af þremur alþjóðlegum samningum sem íslenska ríkið er aðili að. Þeir eru Ramsar-samningurinn um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978, Bernarsamningurinn um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993 og samningurinn um líffræðilega fjölbreytni sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995.

Samkvæmt aðferðafræði alþjóðlegu náttúruverndarsamtakanna (IUCN) um flokkun friðlýstra svæða þá flokkast Andakíll undir flokk IV, verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Verndarsvæði samkvæmt flokki IV hafa það að markmiði að vernda vistgerðir, búsvæði eða sérstakar tegundir lífvera. Áhersla er á að stjórnun svæðanna endurspegli þessa áherslu. Sum svæði í flokki IV þurfa á reglulegri og virkri stjórnun að halda til að tryggja viðhald verndargildis. Svæðin geta verið misstór, allt eftir tilgangi þeirra. Venjulega eru þau aðgengileg almenningi og áhersla lögð á fræðslu.

DRÖÖG

2. Lýsing á svæðinu

2.1. Mörk svæðisins

Verndarsvæðið í Andakíl er 3.086 ha (30,9 km²) að stærð. Mörkum svæðisins er lýst í 3. gr. auglýsingar um verndun búsvæðis.

Kort af svæðinu er í viðauka III.

2.1.1. Tengsl við áhrifasvæði og aðkomuleiðir

Andakíll er í nálægð við Borgarnes. Vegur nr. 50, Borgarfjarðarbraut, liggur með sunnanverðu verndarsvæðinu. Um veginn fer stór hluti ferðamanna sem er á leið á vinsæla ferðamannastaði og náttúruperlur í Borgarfirði, svo sem Húsafell, Reykholt, Skorradal, Deildartunguhver, Langjökul og áfram upp á Kaldadal. Gera má ráð fyrir að umferð aukist um veginn vegna nýrra afþreyingarmöguleika ofar í Borgarfirði og eftir að vegur um Uxahryggi og yfir á Þingvelli hefur verið lagfærður.

2.1.2. Samfélagið

Verndarsvæðið í Andakíl hefur þá sérstöðu að innan þess er þéttbýliskjarni. Á Hvanneyri búa tæplega 300 íbúar og innan alls svæðisins eru um 340 íbúar. Yfir vetrartímam verður fjöldinn um 450 íbúar þegar nemendur Landbúnaðarháskóla Íslands flytja á svæðið. Einhver landnotkun er á öllum jörðum á verndarsvæðinu og helsti atvinnuvegur er landbúnaður og störf tengd honum. Aðrir íbúar vinna hjá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum á Hvanneyri, sækja vinnu í Borgarnes, á Grundartanga, í uppsveitir Borgarfjarðar eða til Reykjavíkur.

2.2. Náttúruminjar

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda búsvæði fugla. Í byrjun var tilgangurinn að vernda búsvæði blesgæsar en með stækkun svæðisins komu aðrar fuglategundir inn í friðunina. Á verndarsvæðinu er fjölbreytt votlendi; tjarnir, hallamýrar, flóar, flæðiengjar og leirur sem gegna meðal annars hlutverki sem búsvæði fjölmargra fuglategunda og annars lífríkis. Vistkerfajónusta verndarsvæðisins er af ýmsum toga. Þar má t.d. nefna frjóvgun villtra plöntutegunda og viðhald á líffræðilegum og erfðafræðilegum breytileika. Í auglýsingu um verndarsvæðið er tekið fram að óheimilt sé að sleppa eða dreifa framandi lífverum innan þess. Til að tryggja mikilvægi búsvæðaverndar og hins fjölbreytilega lífríkis á verndarsvæðinu skuli unnið að því að fjarlægja framandi tegundir plantna og/eða dýra sem geta ógnað vernduðum búsvæðum og fjölbreytileika lífríkis á svæðinu.

2.2.1. Gróður og vistgerðir

Við ósa Andakílsár og Hvítár eru afar gróskumiklar flæðingjar og leirur. Jarðvegurinn er aðallega fíngerður sandur og silt með hátt hlutfall af natríum vegna áhrifa frá sjó. Í flóðum berast næringarefnin yfir engjarnar og nýttast votlendisplöntunum til vaxtar og fæðuframboð eykst fyrir þá fugla sem þangað sækja. Flæðingin gegna mikilvægu hlutverki innan verndarsvæðisins, bæði vistfræðilega en einnig sögu- og menningarlega þar sem þau voru ein ástæða þess að Bændaskóla var valinn staður á Hvanneyri árið 1889.¹

Á verndarsvæðinu hafa fundist yfir 130 tegundir háplantna, þar af um 20 – 25 starategundir. Einnig hafa verið greindar um 50 tegundir af mosa og 25 tegundir af fléttum. Gulstör er ríkjandi tegund á flæðingjunum en í Evrópu finnst gulstör eingöngu á Íslandi.²

Vatnshamravatn er grunnt og næringarríkt vatn innan verndarsvæðisins, 41 ha að stærð. Margar tegundir votlendisfugla halda sig við vatnið. Vatnshamravatn og mólendi svæðisins styðja við lífríki á svæðinu með miðlun vatns og flóðastjórnun. Vatnsyfirborð þess hefur lækkað um a.m.k. einn metra vegna framræslu votlendis.³

Á verndarsvæðinu eru tún ræktuð, bæði á Hvanneyri og á nokkrum þeirra jarða sem land eiga á verndarsvæðinu (sjá kafla 2.4.1. Landbúnaður). Ræktuðu svæðin, einkum þau tún sem slegin eru á Hvanneyri, Ausu og Árdal, eru mikilvæg beitarlönd fyrir grænlenku blesgæsina.

Lúpína og skógarkerfill hafa numið land á verndarsvæðinu og mynda breiður. Í skýrslu frá Náttúrufræðistofnun Íslands er bent á að við Andakílsá sé lúpína tekin að þekja eyrar í ánni. Við það bindi hún mól í eyrunum og dragi þannig úr flutningi hennar og finna sets í flóðum. Meginfarvegur árvatnsins geti orðið stöðugri, þrengri og straumur í honum aukist. Það kunnir að hafa langtímaáhrif á lífs- og hrygningarskilyrði laxfiska í ánni. Útbreiðsla lúpínu og kerfils í landi Hvanneyrar, þar sem sauðfjárbætt sé lítill eða engin, sé jafnframt líkleg til að hafa mikil og neikvæð áhrif á verndarsvæðinu verði ekkert að gert.⁴ Í skýrslunni er ekki sagt beinum orðum á hvern hátt áhrifin geti orðið neikvæð en vitnað í 6. grein auglýsingarinnar um verndarsvæðið þar sem segir að til að tryggja mikilvægi búsvæðaverndar og hins fjölbreytilega lífríkis á verndarsvæðinu skuli unnið að því að fjarlægja framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið og geta ógnað vernduðum búsvæðum og fjölbreytileika lífríkis á svæðinu. Hingað til hefur ekki verið unnið markvisst að því að halda framandi plöntum í skefjum.

Nokkrar jaðir sem eiga land á verndarsvæðinu hafa gert samninga við Vesturlandsskóga, nú Skógræktina, um nytjaskógrækt. Á jörðunum Árdal, Ytri-Skeljabrekku og Grjóteyri er land sem ætlað er til skógræktar utan verndarsvæðisins en á jörðinni Skógarkoti eru 24,2 ha skógræktarlandsins innan verndarsvæðisins og á Hvanneyri er allt landið, 55,8 ha., innan

¹ Kristín Sif Jónínudóttir (2013)

² Kristín Sif Jónínudóttir (2013)

³ Kristín Sif Jónínudóttir (2013)

⁴ Náttúrufræðistofnun Íslands (2017)

vendarsvæðisins nálægt þéttbýlissvæðinu. Í samningunum sjálfum kemur ekki fram hvaða trjátegundir verða ræktaðar á svæðunum en þegar skipulag skógræktar fyrir Skógarkot var gert fékk Votlendissetur Landbúnaðarháskóla Íslands það til umsagnar og var þess gætt að eingöngu innlendar tegundir yrðu ræktaðar á því svæði sem er innan friðlandsins. Á Hvanneyri eru aftur á móti einnig innfluttar tegundir leyfðar, svo sem Alaskaösp, stafafura og sitkagreni, þar sem sú ræktun var hafin áður en friðlandið í núverandi mynd kom til. Mestur hluti skógræktarsvæðisins er við Ausulæk og Andakílsá.

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands finnast um 26 tegundir vistgerða innan verndarsvæðisins. Fjórar þeirra teljast til flokka með mjög hátt verndargildi og 11 eru vistgerðir sem þarf að vernda samkvæmt Bernarsamningnum en í honum er fjallað um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu.

Vistgerðir á verndarsvæðinu í Andakíll

Vistlendi	Heiti vistgerðar	Eunis-flokkun	Verndargildi	Þarf að vernda skv. Bernarsamningi
Votlendi	L8.9 Starungsmýravist	D4.163 Icelandic black sedge-brown moss fens	Mjög hátt	Já
Votlendi	L8.13 Tjarnastarflóavist	D2.332 Basicline bottle sedge quaking mires	Mjög hátt	Já
Votlendi	L8.14 Gulstararflóavist	D5.21B Icelandic Carex lyngbyei fens	Mjög hátt	Já
Graslendi	L9.1 Stinnastaravist	E4.3C Icelandic Carex bigelowii grasslands	Miðlungs	Já
Graslendi	L9.4 Snarrótavist	E3.4132 Boreal tufted hairgrass meadows	Hátt	Já
Graslendi	L9.5 Grasengjavist	E1.7224 Icelandic Festuca grasslands	Hátt	Já
Graslendi	L9.6 Língresis- og vingulsvist	E1.7221 Boreo-subalpine Agrostis grasslands	Hátt	Já
Mólendi	L10.4 Grasmóavist	E1.2617 Icelandic Empetrum Thymus grasslands	Hátt	Já
Mólendi	L10.6 Fjalldrapamóavist	F2.255 North Atlantic boreo-alpine heaths	Miðlungs	Nei
Mólendi	L10.8 Lyngmóavist á láglandi	F4.211 North Atlantic Vaccinium-Empetrum-Racomitrium heaths	Miðlungs	Já
Moslendi	L5.3 Hraungambravist	E4.25 Moss and lichen fjell fields	Lágt	Nei
Moslendi	L5.2 Melagambravist	E4.26 Icelandic Racomitrium ericoides heaths	Miðlungs	Nei
Melar- og sandlendi	L1.1 Eyðimelavist	H5.2 Glacial moraines with very sparse or no vegetation	Lágt	Nei
Melar- og sandlendi	L1.2 Grasmelavist	H5.2 Glacial moraines with very sparse or no vegetation	Lágt	Nei
Melar- og sandlendi	L1.3 Mosamelavist	E4.21 Oroboral Carex bigelowii-Racomitrium moss-heaths	Lágt	Nei
Melar- og sandlendi	L1.4 Viðimelavist	H5.2 Glacial moraines with very sparse or no vegetation	Lágt	Nei
Eyrar	L4.1 Eyraavist	C3.6 Unvegetated or sparsely vegetated shores	Lágt	Nei
Fjörur	FX Sérstæð fjörusvæði	Habitat complexes		Nei
Fjörur	F2 Setfjörur	A2 Littoral sediment		Nei
Fjörur	F2.2 Óseyrar	A2.12 Estuarine coarse sediment shores	Lágt	Nei
Ferskvatn	V1.1 Flatlendisvötn	C1.13, C3.2 Rooted floating vegetation of oligotrophic waterbodies. Water-fringing reedbeds and tall helophytes other than canes	Mjög hátt	Já
Ferskvatn	V2.5 Ár á eldri berggrunni með votlendisáhrifum	C2.25 Acid oligotrophic vegetation of fast-flowing streams	Miðlungs	Já
Aðrar landgerðir	L14.1 Þéttbýli og annað manngert land	J. Constructed, industrial and other artificial habitats		
Aðrar landgerðir	L14.2 Tún og akurlendi	I. Regularly or recently cultivated agricultural, horticultural and domestic habitats		
Aðrar landgerðir	L14.3 Skógrækt	G4.F Mixed forestry plantations		
Aðrar landgerðir	L14.4 Alaskalúpína	L14.4 Land reclamation forb fields		

Heimild: Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands

5

2.2.2. Dýralíf

Talið hefur verið að innan búsvæðisins verpi um 40 tegundir fugla en rannsóknir og talningar sumarið 2017 benda til að þær geti verið fleiri. Alls voru 63 tegundir taldar það sumar á svæðinu.⁶ Verndarsvæðið er einn helsti viðkomustaður grænlenku blesgæsarinnar á Íslandi

⁵ Náttúrufræðistofnun Íslands (2017)

⁶ Tierney og Stroud (2017)

sem kemur þar við vor og haust og nýtir hún stóran hluta landsins. Talið hefur verið að yfir 2000 fuglar, meira en 10% af heildarstofni gæsanna, hafi viðkomu í Andakíl. Meginmarkmið friðlýsingar Andakíls er að vernda búsvæði blesgæsarinnar og það er megin ástæða þess að verndarsvæðið var skráð á lista Ramsar yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði. Svæðið er hlekkur í verndarneti fyrir blesgæsir á farleið þeirra milli varpstöðva á vesturströnd Grænlands og vetrarstöðva á Írlandi. Samkvæmt staðli BirdLife er hlutfall blesgæsa sem hafa viðkomu í Andakíl um 16% af heildarstofninum. Hlutfall stofnsins sem nærast í Andakíl fer hækkandi þar sem heildarstofn blesgæsa hefur verið á niðurleið en Andakíll virðist halda sínum fjölda.⁷

Brandönd er þekktur varpfugl á verndarsvæðinu, en hún verpti þar fyrst árið 1992 svo vitað sé en hún er á lista Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir tegundir í bráðri hættu. Aðrar fuglategundir sem eru á valista NÍ og halda sig í eða við búsvæðið eru haförn, gargönd, brandugla og svartbakur.⁸ Samkvæmt stöðlum BirdLife eru það blesgæs á fartíma og álftr á fjaðrafellitíma sem uppfylla staðla um alþjóðlegt mikilvægi fuglasvæðis í Andakíl.⁹

Nokkur áhugi hefur verið fyrir skógrækt við byggð á verndarsvæðinu og m.a. bent á að skógurinn skapi möguleika fyrir nýjar fuglategundir.

Lax, urriði og bleikja nýta sér árósa Hvítár og Andakílsár til fæðuöflunar á leið sinni í vatnakerfi ána. Flundra hefur náð fótfestu við ósa ána og er í samkeppni um fæðu við laxfiska. Hún er talin vera ein helsta ógnin við laxastofna ána.¹⁰ Benda ber á aðra ógn við lífríki árinna sem er vatnsaflsvirkjun, Andakílsvirkjun, sem var byggð í Andakílsá um miðja 20. öld og hefur verið starfrækt síðan. Vorið 2017 var inntakslón virkjunarinnar tæmt. Mikið set var í lónstæðinu og gróf áin sig niður í setfyllinguna, hreif með sér stórar setfyllur og barst setið niður eftir ánni. Náttúrufræðistofnun Íslands var fengin til að kanna áhrif aurburðarins á friðlýsta svæðið neðan við ána, votlendi og búsvæði fugla. Einnig átti að kanna hvort aukið rennsli og fyrirhuguð hreinsun efnis í ánni kæmu til með að hafa áhrif á svæðið og fuglalífið. Ályktun NÍ var sú að tæming inntakslónsins hefði ekki haft umtalsverð umhverfisáhrif á votlendi eða fuglalíf í verndarsvæðinu í Andakíl og að fyrirhuguð hreinsun árinna mundi ekki gera það.¹¹ Þrátt fyrir þær niðurstöður er ljóst að fylgjast þarf mjög vel með framgangi mála þegar lónið er tæmt eða hreinsað.

Frá árinu 2012 hafa fiðrildi verið veidd í gildru á Hvanneyri í þeim tilgangi að fylgjast með komutíma þeirra og tegundasamsetningu. Rannsóknin er á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands og er liður í rannsóknum á loftslagsbreytingum en fiðrildi eru viðkvæm fyrir þeim. Alls komu rúmlega 14 þúsund fiðrildi í gildruna á árunum

⁷ Kristinn Haukur Skarphéðinsson (tölvupóstur 3. nóv. 2017)

⁸ Umhverfisstofnun (2016)

⁹ Kristinn Haukur Skarphéðinsson (tölvupóstur 3. nóv. 2017)

¹⁰ Kristín Sif Jónínudóttir (2013)

¹¹ Náttúrufræðistofnun Íslands (2017)

2010-2015 af 41 tegund. Þrettán tegundanna má flokka sem algengar með samanlagt 13.746 einstaklinga en á milli 20 og 28 innlendar tegundir komu í gildruna á hverju ári. Tólf tegundir fundust öll árin. Þær tegundir voru tígulvefari, haustfeti, barrvefari, víðifeti, grasvefari, brandygla, skrautfeti, jarðygla, mófeti, reyrlæða, gulygla og grasygla. Sjaldgæfar tegundir fundust einnig og af sumum þeirra aðeins einn einstaklingur. Flestar þeirra eru flækningar og er Ísland utan útbreiðslusvæðis þeirra.¹²

Refur og minkur sjást á verndarsvæðinu en þeim hefur ekki verið haldið markvisst í skefjum.

2.2.3. Jarðminjar

Verndarsvæðið er flatlent og votlent með blágrýtisholtum sem vatn hripar illa í gegnum og mýrar því algengar á svæðinu. Hvítá rennur við vesturmörk svæðisins og hefur hún borið fram setefni og fyllt innri hluta Borgarfjarðar þar sem myndast hafa víðáttumiklar leirur og flæðiengjar.¹³ Um suðurhluta verndarsvæðisins rennur Andakílsá. Við ósa ána tveggja gætir flóðs og fjöru á stóru svæði.

2.3. Menningarminjar

Samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015 voru gömlu húsin á Hvanneyrartorfunni friðlýst sem menningarminjar. Helstu byggingar eru: Hvanneyrarkirkja (1905), Hjartarfjós (1900-1901), Gamli skólinn (1911), Leikfimiðhúsið (1911) og Skemman (1896). Friðlýsingin nær yfir gömlu bæjartorfuna í heild sinni innan afmarkaðs svæðis auk flæðiengja við Hvítá, alls 105 hektarar að stærð.¹⁴ Friðlýsingin nær til húsa og búsetulandslags; svo sem ásýndar staðarins, mannvistarleifa, garða, ferjustaðar, jarðræktarminja, varnar- og áveitugarða og skurða sem tengdust engjarækt á bökkum Hvítár.

Við fornleifaskráningu vegna aðalskipulags Borgarbyggðar fundust tæplega 60 fornminjar innan marka Hvanneyrar en að ósk sveitarfélagsins voru taldir til þeir minjastaðir sem helst eru eftirtektarverðir að mati fornleifafræðinga. Á Hvanneyri eru þeir þrír; stekkarleifar undir Stekkjarholti og tveir bæjarhólar í Kistu og Ásgarði.¹⁵ Í skýrslu Fornleifastofnunar eru hólarnir sagðir spennandi rannsóknarstaðir og gætu verið aðdráttarafl fyrir ferðamenn og undirstaða undir sýningarhald. Mikilvægt sé að þeir verði ekki fyrir hnjaski í framtíðinni.¹⁶ Nú er hrossabeit í Kistu og tún eru slegin á Ásgarðshólnum en minjar þar eru ekki greinilegar.

¹² Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir (2016)

¹³ Kristín Sif Jónínudóttir (2013)

¹⁴ Heildarfríðlýsing Hvanneyrar

¹⁵ Landlínur (2011)

¹⁶ Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl. (2009)

2.4. Landnotkun

Samkvæmt Landnámabók er Hvanneyri landnámsjörð og hefur verndarsvæðið því verið nýtt allt frá landnámstíð. Í dag er svæðið nýtt til landbúnaðar, íbúðabyggðar, laxveiði, ferðapjónustu, frístundabyggðar og útivistar.

2.4.1. Landbúnaður

Á verndarsvæðinu er öflugur landbúnaður stundaður; sauðfjárrækt, kúabúskapur og hrossarækt. Á Hvanneyri er rekið stórt kúabú og margvísleg ræktun er stunduð í rannsóknaskyni á svæðinu t.d. skógrækt og fóðurframleiðsla. Skógrækt er einnig stunduð á afmörkuðum svæðum á verndarsvæðinu, einkum útjörðum þess, til þess að skapa skjól og tækifæri til útivistar en skógarrjóðrin eru einnig notuð í kennslu.¹⁷ Hestar eru víða á bæjum og engjarnar nýttar til heyöflunar, sauðfjár- og hrossabeitar. Áhersla hefur verið lögð á sambandið milli friðunar og nýtingar. Benda má á að vist blesgæsanna er að hluta til háð því að hefðbundnar landbúnaðarnytjar haldist¹⁸ og má nefna að nýrækt túna er mikilvæg fyrir fæðuöflun gæsanna.¹⁹

2.4.2. Veiðar

Laxveiði er stunduð í Andakílsá. Lax er ekki veiddur á stöng í Hvítá innan verndarsvæðisins en silungur, bæði bleikja og urriði, er veiddur í net á ákveðnum árstímum. Bleikjusvæði Andakílsár hefur verið friðað tímabundið fyrir veiði vegna lélegrar stofnstærðar bleikjunnar. Hugsanleg skýring á því ástandi er fjölgun flundru í ánni en hún er í samkeppni við bleikjuna um æti. Fleira en flundran getur haft áhrif á afkomu bleikjunnar en bleikjan er á suðurmörkum útbreiðslusvæðis síns og hlýnun sjávar getur hugsanlega haft áhrif á afkomu hennar.²⁰

2.4.3. Ferðapjónusta og útivist

Fallegar byggingar, frá því fyrir aldamótin 1900 og fyrstu áratugum 20. aldar, setja sérstæðan svip á Hvanneyri þar sem þær mynda litla þyrpingu umhverfis kirkju staðarins. Húsáþyrpingin gengur undir heitinu Gamli staðurinn. Gamli staðurinn er að festa sig í sessi sem viðkomustaður ferðamanna. Engar staðfestar tölur eru til um fjölda ferðamanna sem heimsækir svæðið en síðustu ár hafa um 5 þúsund manns heimsótt Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri árlega, en safnið er opið allt árið um kring. Á Hvanneyri er boðið upp á gistingu í hluta nemendagarða yfir sumartímamann og í Gamla skóla er boðið upp á gistingu fyrir nemendur og gesti Landbúnaðarháskóla Íslands allt árið um kring. Þá er Ullarselið starfrækt á Hvanneyri en það sérhæfir sig í handverki úr héraði.²¹ Kaffihús er rekið í Skemmuni á

¹⁷ Ragnar Frank Kristjánsson (munnleg heimild, 4. nóvember 2016)

¹⁸ Kristín Sif Jónínudóttir (2013)

¹⁹ Ragnar Frank Kristjánsson (munnleg heimild, 4. nóvember 2016)

²⁰ Kristín Sif Jónínudóttir (2013)

²¹ Kristín Sif Jónínudóttir (2013)

sumrin og vínveitingahús er rekið í hestaréttinni við hlið Hjartarfjóss. Árið 2017 fékk Landbúnaðarsafn Íslands styrk til að setja upp gestastofu í Halldórsfjosi á Hvanneyri og er vinna við hana hafin.

Góð aðkoma er að byggðakjarnanum og innviðir staðarins geta tekið við vaxandi fjölda ferðamanna.

Fuglaskoðun hefur mikið fræðslugildi, getur skapað störf og stutt við aðra ferðaþjónustu á svæðinu. Í verkefni nemanda við Landbúnaðarháskóla Íslands var unnin tillaga að göngustíg um varplandið á Hvanneyri.²² Vorið 2017 hlaut Landbúnaðarháskóli Íslands styrk frá Markaðsstofu Vesturlands til að hanna svæði til fuglaskoðunar á Hvanneyri. Tveir fuglafræðingar, sem unnið hafa við vöktun og rannsóknir á Hvanneyri, voru fengnir til þess að móta tillögur um æskilega staði á Hvanneyri og hvers konar fræðsla gæti farið fram á hverjum stað fyrir sig.²³

2.5. Innviðir og mannvirki

Í aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010–2022 er gert ráð fyrir stækkandi þéttbýliskjarna á Hvanneyri. Í markmiðum skipulagsáætlunarinnar fyrir Hvanneyri er m.a. stefnt að áframhaldandi uppbyggingu skjólbelta til að bæta skilyrði til landbúnaðar og útivistar.²⁴

2.5.1. Landvarsla

Á vegum Umhverfisstofnunar hefur svæðalandvörður Vesturlands eftirlit með verndarsvæðinu ásamt öðrum friðlýstum svæðum á Vesturlandi. Sumarið 2017 var hann við vinnu frá 27. maí til áramóta en svæðið sem hann hefur eftirlit með er víðfeðmt og innan þess eru mörg verkefni sem þarf að sinna. Viðvera í Andakíll er því mjög takmörkuð.

2.5.2. Byggingar

Þéttbýliskjarni er á Hvanneyri og á þeim jörðum sem land eiga á verndarsvæðinu eru íbúðarhús, útihús og frístundahús.

2.5.3. Aðgengi

Aðgengi fyrir fatlaða er að nokkrum opinberum byggingum á Hvanneyri. Hins vegar hafa ekki verið lagðir stígar á verndarsvæðinu sem eru færir hjólastólum.

2.5.4. Vegir og vegslóðar, göngu- og reiðleiðir

Samgöngur til og frá svæðinu eru góðar og aðalsamgönguvegir eru lagðir bundnu slitlagi. Á fáfarnari leiðum eru malarvegir og vegslóðar. Fjölbreyttar göngu- og reiðleiðir eru innan verndarsvæðisins. Gönguleiðir má sjá á korti í viðauka III. Byrjað er að merkja stígana með

²² Brynja Davíðsdóttir (2010)

²³ Stroud og Tierney (2017)

²⁴ Landlínur (2011)

örnefnum. Á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands er unnið að tilraunum með mismunandi tegundir og breiddir timburstíga um svæði sunnan byggðarinnar, þar sem votlendi hefur verið endurheimt.

2.5.5. Skilti

Eitt upplýsingaskilti er til um verndarsvæðið. Skiltið var upphaflega sett upp við Landbúnaðarsafnið en hefur verið í geymslu undanfarið. Skógræktin hefur sett upp fjögur fræðsluskilti um skógrækt á Hvanneyri. Fimm vegvísar hafa verið settir upp sunnan byggðarinnar á Hvanneyri.

2.5.6. Fráveitur

Á Hvanneyri er skólphreinsistöð sem tekur við yfir 90% af skólpi frá íbúðarhúsum á staðnum. Veitur stefna að því að ljúka við að tengja Ásgarð, hús Landbúnaðarháskóla Íslands, við skólphreinsistöðina sumarið 2018. Þá verða eftir nokkur hús austast í byggðinni á eigin rotþróm sem verða einnig tengd við stöðina. Hreinsistöðin er lífræn tveggja þrepa hreinsistöð. Veitur mæla mengunarþætti í skólpinu fjórum sinnum á ári. Seyrunni er safnað og hún urðuð reglulega. Viðtakinn frá hreinsistöðinni er skurður eða lækur sem rennur út í Hvítá. Ekki hefur verið fylgst sérstaklega með viðtaka skóplsins, fyrir utan að gerðar hafa verið örverumælingar, en engar vísbendingar eru um neikvæð áhrif á viðtakann. Í lok hreinsiferilsins fer frárennslið í tjörn þar sem þær örverur sem eftir eru eiga að drepast með hjálp sólarljóss. Talið er útilokað að súrefnisskortur eða næringarefnaofauðgun geti átt sér stað í Hvítá, sem er loka viðtakinn. Mælingar hafa sýnt hærri örverustyrk í skurðinum við stöðina en æskilegt er. Til að minnka fjölda örvera í frárennslinu þurfa Veitur að skoða betur hvort og hvaða úrbætur sé hægt að gera í stöðinni.²⁵ Í fylgiskjali með starfsleyfi fyrir skólphreinsistöðina kemur fram að leyfið gildi fyrir hreinsistöð fyrir allt að 2.500 persónueiningum.²⁶ Þegar lokið verður við að tengja öll hús í þéttbýlinu á Hvanneyri við skólphreinsistöðina telur Umhverfisstofnun að allar líkur séu á því að hreinsibúnaður skólphreinsistöðvarinnar standist losunarmörk reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

2.6. Öryggismál

Ekki hafa verið settar upp merkingar eða lokanir vegna öryggismála á svæðinu.

2.7. Fræðsla og kynning

Hvanneyri er námsþorp með leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla. Umhverfismenntun hefur verið sinnt á öllum skólastigunum. Mikil þekking er til staðar hjá íbúum þar sem hluti þeirra sinnir fræðslumálum. Gefnar hafa verið út bækur, bæklingar og kynningarrit um Andakíll og fræðsluefni er á heimasíðum Landbúnaðarháskóla Íslands,

²⁵ Íris Þórarinsdóttir (tölvupóstur 23. apríl 2018)

²⁶ Heilbrigðiseftirlit Vesturlands (2009)

Borgarbyggðar og Umhverfisstofnunar. Landbúnaðarsafn Íslands er á Hvanneyri og er hlutverk þess að fræða gesti um sögu og þróun íslensks landbúnaðar og varðveita gögn, gripi og minjar sem tengjast honum. Landvörður Umhverfisstofnunar hefur ekki haft tæk á að standa fyrir fræðsluviðburðum á svæðinu þar sem viðvera hans á staðnum er takmörkuð.

2.8. Rannsóknir og vöktun

Starfsfólk Landbúnaðarháskóla Íslands og innlendir og erlendir vísindamenn hafa um árabíl stundað margvísleg rannsóknar- og vöktunarverkefni á svæðinu. Breskir vísindamenn hafa t.d. stundað viðamiklar rannsóknir á blesgæsinni og vetrartalningar fugla hafa farið fram í mörg ár. Rannsóknar- og ráðgjafastofnun hafs og vatna sinnir vöktun á veiði í Andakílsá og Hvítá og á flundru í ósum ána.²⁷

DRÖÖG

²⁷ Kristín Sif Jónínudóttir (2013)

3. Markmið, stefna og leiðir

Samkvæmt auglýsingu um verndarsvæðið er markmið friðlýsingarinnar að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi fjölbreytts votlendis, fjölda fuglategunda og að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Ennfremur að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríkinu og tryggja aðgengi almennings að landsvæðinu til náttúruskoðunar og fræðslu. Auk þess sem verndarsvæðið er Ramsar-svæði felst sérstaða þess ekki síst í samspili manns og náttúru og samspili verndunar og nýtingar. Markmiðið er að vernda náttúruleg vistkerfi og nýta náttúruauðlindir með sjálfbærum hætti með hag allra í huga í samræmi við markmið Ramsar-samningsins.

3.1. Svæðaskipting

Verndarsvæðið í Andakíll er fjölbreytt m.t.t. verndar- og nýtingarsjónarmiða. Í stjórnunar- og verndaráætluninni er svæðinu skipt upp með hliðsjón af þeirri skiptingu sem fram kemur í Ramsar-samningnum um svæðið en skiptingin tekur mið af þeirri nýtingu sem er innan hvers svæðis. Svæðaskiptinguna má sjá á korti í fylgiskjali 1 og stefnu varðandi umgengni, innviði og nýttjar á hverju svæði fyrir sig má sjá í töflu 1.

Svæði A og Aa: Byggðakjarnar og landbúnaður.

Tvö svæði innan verndarsvæðisins eru flokkuð sem byggðakjarnar eða þéttbýli í skiptingu Ramsar-samningsins. Annars vegar er það byggðakjarninn á Hvanneyri (A) og hins vegar svæðið þar sem býlin Grjóteyri, Grjóteyartunga og Skógarkot mynda lítinn kjarna (Aa). Meginþjónusta fyrir íbúa og þá gesti sem koma á verndarsvæðið er á Hvanneyri. Þar gilda sömu umgengnisreglur og á öðrum þéttbýlissvæðum landsins. Þó skal bent á tillögu í áætlun þessari um takmörkun á kattahaldi. Í útjöðrum byggðakjarnans á Hvanneyri hefur skógrækt verið stunduð og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Í landi Skógarkots er skógrækt einnig stunduð innan verndarsvæðisins. Í skiptingu skv. Ramsar-samningnum eru svæði umhverfis byggðakjarnana skilgreind sem hefðbundin landbúnaðarsvæði.

Svæði B: Landbúnaður.

Undir hefðbundið landbúnaðarsvæði fellur sá hluti jarðarinnar Ausu sem er innan verndarsvæðisins ásamt svæði frá Seleyri að Skipalæk í landi Ytri-Skeljabrekku. Á þeim svæðum er stunduð sauðfjárrækt, kúabúskapur og hrossarækt.

Svæði C: Fræðslu- og tómstundasvæði.

Á svæðinu suðvestan við byggðina á Hvanneyri er gert ráð fyrir fræðslu- og tómstundasvæði. Landið þar er mólent með lágum klettaborgum og mýrarpollum. Gert er ráð fyrir frjálsri för gesta um svæðið eftir merktum stígum og gönguleiðum og að byggðir verði upp innviðir sem styðja við útivist og náttúruskoðun.

Svæði D: Flæðiengjar.

Meðfram Hvítá eru víðáttumiklar leirur og flæðiengjar sem myndast hafa við regluleg flóð og framburð árinna. Þær eru mikilvægar fyrir votlendisfugla svæðisins. Engjarnar hafa verið slegnar í gegnum tíðina.

Meðfram ósum Andakílsár er einnig víðfeðmt votlendi og mýrar sem eru fyrst og fremst nýttar til beitar. Gert er ráð fyrir að hefðbundin nýting, beit og sláttur, verði áfram á flæðiengjunum en ekki er gert ráð fyrir umferð ferðamanna nema með leiðsögn.

Svæði E: Vatn.

Vatnshamravatn er grunnt og næringarríkt vatn þar sem margar tegundir votlendisfugla halda sig.

Tafla 1. Stefna varðandi umgengni, innviði og nytjar.

	Svæði A: Byggðakjarnar og landbúnaður	Svæði Aa og B: Landbúnaður	Svæði C: Fræðslu- og tómstundasvæði	Svæði D: Flæðiengjar	Svæði E: Vatn
Hefðbundin nýting heimamanna	x	x	x	x	x
Takmarkanir á umferð ferðamanna		x	x	x	x
Takmarkanir á umferð ferðamanna eftir merktum stígum og gönguleiðum				x	
Umferð ferðamanna með leiðsögn	x		x	x	
Móttaka ferðamanna	x				
Bílastæði	x				
Salerni	x				
Fræðsluskilti	x		x		
Merktar gönguleiðir	x		x		
Rannsóknir	x	x	x	x	x
Umferð takmörkuð eftir árstíma				x	x
Leyfis skyld atvinnuljósmyndun og kvikmyndataka				x	x
Leyfis skyld samkomuhald				x	
Skógarnytjar	x	x			
Veiðar á mink og ref	x	x	x	x	x

3.2. Náttúruminjar

Markmiðið er að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Stuðla þarf að endurheimt votlendisvistkerfa eftir því sem kostur er í samráði við Landbúnaðarháskóla Íslands og landeigendur.

3.2.1. Gróður og vistgerðir

Varðveita skal og viðhalda náttúrulegu ástandi votlendisins í samræmi við auglýsingu nr. 338/2011. Hugsanlegt er að endurheimta frekara votlendi, í samráði við Landbúnaðarháskóla Íslands og landeigendur, fari það saman við hefðbundna nýtingu svæðisins.

Stefnt skal að því að halda framandi tegundum í skefjum innan verndarsvæðisins og óska eftir samstarfi við landeigendur á svæðinu um verkefnið. Hefta skal útbreiðslu framandi tegunda eftir fremsta megni. Fylgjast skal með og varðveita fágætar tegundir. Stefnt skal að því að fylgst verði með og metin áhrif gróðurbreytinga á fuglalíf og til hvaða aðgerða skuli grípa. Í kafla 2.7 kemur fram að einn landvörður sinni landvörslu í Andakíl ásamt öðrum svæðum á Vesturlandi og að viðvera hans sé því mjög takmörkuð. Tími til að vinna í því að hefta útbreiðslu framandi tegunda er þar af leiðandi ekki mikill.

Aðgerðir:

- ✓ Landvörður, eða staðgengill hans, fylgist reglulega með helstu vaxtarstöðum plantna sem teljast fágætar og/eða í hættu og skrái í landvarðaskýrslu.
- ✓ Landvörður Umhverfisstofnunar á Vesturlandi, eða verktaki á vegum hennar, fylgist með útbreiðslu ágengra, framandi tegunda og skrái inn í eftirlitskerfi landvarða.
- ✓ Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar vinni að því að eyða eða halda í skefjum ágengum, framandi tegundum, aðallega lúpínu og skógarkerfli, með slætti og öðrum aðgerðum.
- ✓ Leitað verður eftir samstarfi við landeigendur um samvinnu við að hefta útbreiðslu ágengra plöntutegunda.
- ✓ Umhverfisstofnun kanni áhuga landeigenda á að endurheimta votlendi á jörðum þeirra.

3.2.2. Dýralíf

Andakíll er verndarsvæði fugla og tekur þessi kafli stjórnunar- og verndaráætlunarinnar sérstaklega mið af því. Takmarka skal truflun á varpsvæðum á varptíma eins og kostur er og skal tekið tillit til þess við leyfisveitingar í tengslum við framkvæmdir og umferð á svæðinu. Tryggja þarf að arnarvarpi verði ekki raskað og komið í veg fyrir truflun. Þar sem um verndarsvæði fugla er að ræða skal stefnt að því að gera átak í að útrýma mink og halda ref í skefjum auk þess sem heimilt er að veiða fuglategundir sem valda tjóni á

fuglalífi, í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Í samþykkt um hunda- og kattahald í Borgarbyggð kemur fram að leyfi þarf til kattahalds og í 6. gr. segir að eigendum og forráðamönnum katta beri að taka tillit til fuglalífs á varptíma og eftir atvikum takmarka útiveru katta m.a. að næturlagi.²⁸ Með tilliti til sérstöðu verndarsvæðisins er eigendum katta bent á að lausaganga katta sé ekki æskileg og eru þeir hvattir til að halda köttum sínum innandyra, einkum yfir varptíma fugla frá 1. maí til 30. júní. Undanskildir eru kettir sem haldnir eru á sveitabæjum og hafa hlutverki að gegna við að halda niðri músum. Benda má eigendum þeirra á þetta ákvæði og þeir hvattir til að halda sínum köttum einnig innandyra á varptíma. Tilmælin taki gildi um leið og stjórnunar- og verndaráætlunin hefur verið samþykkt en gildi ekki um þá heimilisketti sem nú þegar eru skráðir á verndarsvæðinu og eru útikettir. Í fuglaskoðunarferðum um verndarsvæðið skal sýnd aðgát og er ferðaskipuleggjendum bent á að hafa samráð við Landbúnaðarháskóla Íslands um tilhögun ferðanna. Á varptíma, 1. maí – 30. júní, er umferð ríðandi og gangandi manna, annarra en landeigenda, eingöngu leyfð á göngustígum á varpsvæðum fugla.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun mun mælast til þess að skoðað verði hvernig best sé að haga veiðum á afræningjum í samstarfi við umsjónaraðila verndarsvæðisins, landeigendur og sveitarfélagið.
- ✓ Þeim tilmælum verði beint til kattaeigenda á verndarsvæðinu að halda köttum sínum inni yfir varptímamann til verndar fuglalífi.

3.3. Menningarminjar

Verndarsvæðið í Andakíl er verndað vegna náttúrufars. Merkar menningarminjar eru hins vegar innan svæðisins og njóta þær sérstakrar verndar, sjá kafla 2.3. Leitast skal við að kynna þær gestum svæðisins. Landbúnaðarsafn Íslands hefur sinnt því hlutverki og er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Vegna leyfisveitinga vegna framkvæmda og deiliskipulagsvinnu á verndarsvæðinu skal haft samráð við minjavörð Vesturlands.

Aðgerðir:

- ✓ Á heimasíðu um verndarsvæðið í Andakíl á vef Umhverfisstofnunar verði tengill á yfirlit um fornminjar svæðisins á vef Minjastofnunar Íslands.

3.4. Landnotkun

Í gegnum tíðina hefur gott jafnvægi ríkt á milli manns og náttúru á verndarsvæðinu. Náttúran hefur verið nýtt án þess að gengið hafi verið á höfuðstól hennar. Sjálfbærni verði áfram höfð að leiðarljósi.

²⁸Samþykkt um hunda- og kattahald í Borgarbyggð (2008)

3.4.1. Landbúnaður

Gert er ráð fyrir að hefðbundinn landbúnaður með s.s. hross, kýr og sauðfé verði áfram með sama sniði og verið hefur. Áhersla verði áfram lögð á sambandið milli friðunar og nýtingar. Skjól skulu vera í samræmi við lög um velferð dýra nr. 55/2013. Hugsa skal til þess að slík mannvirki séu úr náttúrulegum eignum og falli að landslagi eins og kostur er.

Stefnt skal að því að skógrækt sé aðeins stunduð á svæðum A og B sbr. svæðaskiptingu. Undanskilin eru tvö svæði innan verndarsvæðisins þar sem landeigendur hafa gert samning til 40 ára um nytjaskógrækt. Þessi svæði eru í landi Skógarkots og Hvanneyrar.

Aðgerðir:

- ✓ Ákveðið verði, í samvinnu við landeigendur, hvar sé gert ráð fyrir skógrækt innan svæða A og B sbr. svæðaskiptingu.

3.4.2. Veiðar

Gert er ráð fyrir að veiðar í ám Andakíls verði áfram með hefðbundnu sniði og undir stjórn veiðifélaga Hvítár og Andakílsár og eftirliti Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatns.

Aðgerðir:

- ✓ Niðurstöður rannsókna á ám Andakíls verði aðgengilegar á vef Umhverfisstofnunar t.d. með tenglum á efni þeirra stofnana sem sjá um rannsóknirnar.

3.4.3. Kvikmyndataka og viðburðir

Kvikmyndataka og viðburðir sem skipulagðir eru innan verndarsvæðisins skulu ekki ógna verndargildi eða lífríki og vera í samræmi við þær reglur sem gilda innan svæðisins. Sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna kvikmyndagerðar og stærri viðburða, t.d. tónleikahalds og íþróttakeppni, í atvinnuskyni á verndarsvæðinu, utan þéttbýlissvæða. Á það við um svæði D og E samkvæmt svæðaskiptingu.

3.4.4. Ferðaþjónusta og útivist

Stefnt er að því að verndarsvæðið verði í hvívetna til fyrirmyndar í móttöku og upplýsingagjöf til ferðamanna þannig að þeir finni að þeir séu velkomnir. Ferðaþjónusta er orðin nokkur á Hvanneyri með Landbúnaðarsafni, Ullarseli, kaffihúsi og gististöðum. Gert er ráð fyrir að miðja ferðaþjónusta á verndarsvæðinu verði á Hvanneyri við Gamla staðinn og að þar verði aðal móttaka og upplýsingaveita svæðisins. Hugmyndir eru uppi um að á svæðinu verði sýning, gestastofa, um verndarsvæðið. Hvanneyri er byggðakjarni og mikilvægt að ferðaþjónustan þróist í samræmi við það og verði rekin með sjálfbærni að leiðarljósi, með það að markmiði að hún styðji við byggðina á svæðinu. Á þann hátt er hægt að skapa jákvæð

efnahagsleg og félagsleg áhrif sem jafnframt stuðla að náttúruvernd.²⁹ Stjórnun á umferð þarf að vera vel skipulögð þannig að álag nái ekki þolmörkum, hvorki á náttúru né heimamenn, og gæði svæðisins rýrni ekki. Gæta þarf fyllstu varúðar við ákvarðanir um legu göngustíga og val á stöðum til fuglaskoðunar. Stefnt skal að því að flestar gönguleiðanna verði á Hvanneyrar. Fuglafræðingar sem unnu við rannsóknir sumarið 2017 hafa lagt fram hugmyndir um svæði sem heppileg eru til fuglaskoðunar og önnur þar sem óæskilegt er að umferð aukist. Tiltaka þeir einkum svæðið sunnan við Kistuhöfða sem sérlega viðkvæmt svæði.³⁰ Umhverfisstofnun, í samvinnu við landeigendur, sveitarfélagið, Landbúnaðarháskóla Íslands og íbúasamtök, mun stýra umræðu og ákvörðunum um uppbyggingu ferðapjónustu innan verndarsvæðisins.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur, Sjálfsbjörg og Landbúnaðarháskóla Íslands, leggi mat á og setji fram tillögur um hvaða staðir innan verndarsvæðisins verða gerðir aðgengilegir fyrir alla.

3.5. Innviðir og mannvirki

Verndarsvæðið hefur þá sérstöðu að þar er talsverð byggð, þéttbýliskjarni og sveitabær og mannvirki því fjölbreytt. Stefnt skal að því að allir innviðir og mannvirki falli vel að landslagi, einkum á svæðum C,D, og E, bæði hvað varðar útlit og efnisval.

3.5.1. Landvarsla

Það er vilji Umhverfisstofnunar að efla landvörslu á svæðinu enda telur stofnunin að ein áhrifaríkasta leiðin til að vinna að náttúruvernd sé fólgin í landvörslu. Umhverfisstofnun mun því áfram kalla eftir fjármagni til að auka landvörslu á Vesturlandi. Stefnt skal að því að landvörður starfi árið um kring og störf hans og aðkoma að friðlandinu samhliða aukin.

3.5.2. Vegir, slóðar og bílastæði

Vegir og slóðar innan verndarsvæðisins skulu vera í því ástandi að þeir geti sinnt hlutverki sínu og þeim viðhaldið eftir þörfum. Bílastæði eru við opinberar byggingar á Hvanneyri en á öðrum stöðum á verndarsvæðinu þarf að koma upp bílastæðum til að bæta aðgengi að svæðinu og koma í veg fyrir akstur utan vega og bílastæða. Stefnt skal að því að undirbúa gerð áningarstaðar á Grjóteyrarhæðum fyrir ferðamenn. Stefnt skal að því að meta hvort þörf sé á að stýra umferð frá vegum og slóðum sem íbúar hafa notað, t.d. vegna búskapar, en ekki er ætlast til að ferðamenn noti og meta til hvers konar aðgerða skuli grípa.

²⁹ Kristín Sif Jónínudóttir (2013)

³⁰ Tierney og Stroud (munnleg heimild 2017)

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við landeigendur og aðra sem málið varðar, meti hvar heppilegt er að gera bílastæði og áningarstaði (sjá einnig kafla 3.6).

3.5.3. Stígar, göngu- og reiðleiðir

Gott kerfi göngu- og reiðleiða liggur um verndarsvæðið, einkum Hvanneyri, og hafa þeir verið kortlagðir. Stígarnir þurfa að vera í því ástandi að þola umferðina og stuðla að öryggi vegfarenda. Merkja þarf leiðirnar og setja upp vegvísa og skilti með göngukorti á völdum stöðum (sjá kafla 3.5.4. og kafla 3.5.).

Aðgerðir:

- ✓ Gönguleiðakort sé aðgengilegt á heimasíðu um verndarsvæðið á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því við Landbúnaðarháskóla Íslands að gerð verði áætlun um hvaða efni skuli notað í göngu- og reiðstíga.

3.5.4. Skilti

Innan verndarsvæðisins skulu vera fræðsluskilti sem upplýsi um náttúrufar, jarðsögu og menningu, upplýsingaskilti með upplýsingum um umgengisreglur og vegvísar. Skilti og merkingar verði í samræmi við *Handbók um merkingar á friðlýstum svæðum*. Skilti eru upplýsandi og fræðandi en gæta þarf hófs í fjölda þeirra og vanda staðsetningu þeirra. Stefnit skal að því að setja nokkur fræðsluskilti saman á vel völdum stað/stöðum á Hvanneyri í stað þess að dreifa þeim um of.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands og aðra sem málið varðar, geri lista yfir þau skilti sem æskilegt er að sett verði upp og forgangsraði vinnslu þeirra og uppsetningu. Skilti og merkingar sem samstarfshópurinn leggur til eru:
- ✓ Aðkomu- og upplýsingaskilti verði sett við innkomu á verndarsvæðið við Hvítárbrú og við Seleyri/Skógarkot.
- ✓ Upplýsingaskilti verði sett við áningastaði.
- ✓ Upplýsingar um móttökustöðvar úrgangs í Andakíl og nágrenni verði á upplýsingaskiltum fyrir ferðamenn.
- ✓ Skilti um Ramsar-svæðið verði sett upp á Hvanneyri.
- ✓ Fræðsluskilti um blesgæsina og aðra fugla verði sett upp á Hvanneyri og á fuglaskoðunarstöðum.
- ✓ Fræðsluskilti með upplýsingum um takmörkun á aðgengi og notkunar ómannaðra loftfara, vegna verndunar fugla, verði sett upp.
- ✓ Fræðsluskilti um Hvítá og Hvanneyrarengjarnar verði sett upp á Hvanneyri, á brekkubrúninni neðan við Hvanneyrartorfuna þaðan sem útsýni er gott.

- ✓ Lítil skilti um ákveðna fuglategund verði sett upp við þá staði þar sem búast má við að sjá viðkomandi tegund.
- ✓ Fræðsluskilti um votlendi og mikilvægi þess verði sett upp við Halldórsfjós/Landbúnaðarsafnið.
- ✓ Vegvísar verði settir við göngu- og reiðleiðir (sjá kafla 3.5.3).
- ✓ Umhverfisstofnun leggi til í innviðaaáætlun að lagt verði til fjármagn til að vinna skilti í samræmi við hugmyndir.

3.5.5. Úrgangur

Sorphirðu í Andakíll er sinnt af sveitarfélaginu Borgarbyggð. Í lokaritgerð nemanda við Landbúnaðarháskóla Íslands eru lagðar fram metnaðarfullar hugmyndir um skipulag úrgangsmála á Hvanneyri og gert ráð fyrir að hvorki þurfi að flytja lífrænan né endurvinnanlegan úrgang til urðunar frá Hvanneyri. Aðgerðaráætlun er sett fram.³¹ Lagt er til að hugmyndin verði skoðuð nánar. Ekki er gert ráð fyrir sorptunnum fyrir ferðamenn á öðrum stöðum en Hvanneyri en ætlast er til að fólk losi sig við sorp á viðeigandi stað. Upplýsingar um losunarstaði verði á upplýsingaskiltum um umgengisreglur.

3.6. Öryggismál

Öryggi íbúa og gesta skal tryggt sem best á verndarsvæðinu. Vegurinn um Borgarfjarðarbraut er fremur mjór, vegaxlir brattar og erfitt að finna staði þar sem öruggt er að stöðva bíla. Erlendir ferðamenn leggja gjarnan úti í kanti og skapar slíkt mikla hættu. Brýnt er að auka öryggi vegfarenda og bæta við vel merktum útskotum til að draga úr slyshættu um leið og svæðið er gert þægilegra fyrir ferðafólk.

Aðgerðir:

- ✓ Umhverfisstofnun, í samstarfi við Vegagerðina, Borgarbyggð og aðra hlutaðeigandi, vinni tillögu um staðsetningu útskota/áningarstaða við Borgarfjarðarbraut.
- ✓ Aðlaga skal öryggisáætlun friðlýstra svæða Umhverfisstofnunar að sérstöðu verndarsvæðisins.

3.7. Fræðsla og kynning

Stuðla skal að því að efla kynningu og fræðslu á einstakri náttúru verndarsvæðisins í samræmi við markmið friðlýsingar og ákvæði Ramsar-samningsins en verndarsvæðið býður upp á mikla möguleika varðandi fræðslu um náttúru og sögu landsins. Verndarsvæðið yrði eftt sem miðstöð rannsókna, kennslu og annarrar fræðslu, einkum á vettvangi náttúruvísinda sem tengjast votlendi.

Upplýsinga- og fræðsluefni um náttúru-, sögu og menningarminjar verndarsvæðisins og þær umgengisreglur sem gilda um svæðið skulu vera aðgengilegar almenningi. Upplýsingar

³¹ Ásta Kristín Guðmundsdóttir (2009)

skulu settar fram á auðskilinn hátt og stuðla að því að fólk læri að meta náttúru- og menningarminjar svæðisins. Með þessu sé stuðlað að góðri umgengni um verndarsvæðið.

Umhverfisstofnun skal stuðla að því að hvetja leik-, grunn- og framhaldsskóla á svæðinu til að nýta sér það til kennslu. Umhverfisstofnun skal stuðla að aukinni fræðslu um mikilvægi votlendis og friðun búsvæða.

Aðgerðir:

- ✓ Heimasíða um svæðið á vef Umhverfisstofnunar verði uppfærð reglulega.
- ✓ Gögn og niðurstöður rannsókna og kannana á verndarsvæðinu séu aðgengileg á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Fræðsla/upplýsingar um fugla svæðisins verði aðgengileg á heimasíðu svæðisins á vef Umhverfisstofnunar.
- ✓ Umhverfisstofnun vekur athygli á verndarsvæðinu í skólum á svæðinu með upplýsingum á heimasíðu stofnunarinnar og samtali við skólustjórnendur.

3.8. Mönnuð og ómönnuð loftför

Flugumferð er háð takmörkunum sem fram koma í Flugmálahandbók. Vegna notkunar fjarstýrðra loftfara skal fara eftir reglum Samgöngustofu og reglugerð nr. 990/2017 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara. Í því samhengi er bent á að svæðið í Andakíll er verndað sérstaklega vegna fuglalífs og skal þeim tilmælum beint til notenda dróna að taka sérstakt tillit til fuglalífs við flug. Notkun ómannaðra loftfara er óheimil á Kistufirði, út fyrir Kistuhöfða og Grjóteyrarklakk. Undanskilin banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfssemi Landhelgisgæslunnar.

3.9. Rannsóknir og vöktun

Samkvæmt 74. gr laga um náttúruvernd ber Náttúrufræðistofnun Íslands ábyrgð á vöktun lykilþátta íslenskrar náttúru að því marki sem hún er ekki falin öðrum stofnunum. Stofnunin á að vinna heildstæða áætlun um vöktun og skipuleggja framkvæmd hennar. Jafnframt á Náttúrufræðistofnun að vinna vöktunaráætlun fyrir friðlýst svæði í samráði við Umhverfisstofnun sem skal vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar viðkomandi svæðis. Náttúrufræðistofnun í samstarfi við Umhverfisstofnun munu á næstu árum útbúa vöktunaráætlanir fyrir friðlýst svæði samhliða vinnu Náttúrufræðistofnunar við gerð heildstæðrar vöktunaráætlunar fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru. Sú vinna hófst árið 2017 og verður fram haldið árið 2018. Vöktunaráætlun fyrir lykilþætti íslenskrar náttúru mun fela í sér forgangsröðun og áherslur í vöktun á hverju svæði fyrir sig. Þar mun m.a. koma fram hvaða svæði verða sett í forgang og hvað á að vakta á hverju svæði fyrir sig. Ekki er búið að vinna vöktunaráætlun fyrir verndarsvæðið í Andakíll en þegar því er lokið mun hún verða viðauki við þessa stjórnunar- og verndaráætlun.

Að mati fuglafræðinga er afar mikilvægt að vöktun á fuglum verði haldið áfram og hún verði markviss. Sem hluti af henni verði ástand búsvæðisins vaktað svo og umferð og athafnir manna.³²

Stefnt er að því að áfram verði stutt við rannsóknir sem innlendir og erlendir aðilar hafa sinnt hingað til. Sækja þarf um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna rannsókna á verndarsvæðinu á vef stofnunarinnar. Eðli málsins samkvæmt er Náttúrufræðistofnun Íslands undanþegin því ákvæði og eðlilegt er að það sama eigi við um Landbúnaðarháskóla Íslands svo og fulltrúa Hafrannsóknastofnunar sem hafa aðsetur á svæðinu og fylgjast með ástandi veiðiaá. Mikilvægt er að Umhverfisstofnun fái aðgang að rannsóknarniðurstöðum og leyfi til að setja tengla á þær á heimasíðu sína og birta fréttir um rannsóknirnar. Æskilegt væri að í vöktunaráætlun fyrir Andakíl yrði fjallað um sandburð innan við Borgarfjarðarbrú sem hefur aukist eftir að brúin var byggð. Svo virðist sem sandurinn nái ekki að komast áfram til sjávar líkt og hann gerði áður fyrr. Stefnt er að því að verndarsvæðið verði eitt þeirra friðlýstu svæða þar sem reglulega er fylgst með ágengum, framandi tegundum.

Aðgerðir:

- ✓ Verndarsvæðið verði vaktað í samræmi við vöktunaráætlun.
- ✓ Listi yfir þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á verndarsvæðinu í Andakíl verði aðgengilegur á heimasíðu svæðisins hjá Umhverfisstofnun.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því að umsjónaraðili verndarsvæðisins meti þörf fyrir talningu gesta á verndarsvæðinu og staðsetningu teljara til að fá betri mynd af álagspoli landsins.
- ✓ Umhverfisstofnun óski eftir því við þá aðila sem stunda rannsóknir á verndarsvæðinu að niðurstöður þeirra verði gerðar aðgengilegar stofnuninni.

³² Tierney og Stroud (munnleg heimild 2017)

Sérstakar reglur um umferð og dvöl

Sérstakar reglur um umferð manna og dvöl á verndarsvæðinu í Andakíl sem settar eru í samræmi við ákvæði 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd eru eftirfarandi:

- Notkun ómannaðra loftfara er óheimil á Kistufirði, út fyrir Kistuhöfða og Grjóteyrarklakk. Undanskilin banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfssemi Landhelgisgæslunnar.
- Á varptíma, 1. maí – 30. júní, er umferð ríðandi og gangandi manna, annarra en landeigenda, eingöngu leyfð á göngustígum á varpsvæðum fugla.
- Óheimilt er að tjalda eða eiga næturstað í farartækjum innan verndarsvæðisins. Benda má á að tjaldsvæði eru á Kleppjárnreykjum, í Borgarnesi og Skorradal.

Reglur og tilmæli

Í stjórnunar- og verndaráætluninni er lagt til að eftirfarandi reglur og tilmæli gildi fyrir mismunandi hópa:

- Með tilliti til sérstöðu verndarsvæðisins er eigendum katta bent á að lausaganga katta sé ekki æskileg og eru þeir hvattir til að halda köttum sínum innandyra, einkum yfir varptíma fugla frá 1. maí til 30. júní. Undanskildir eru kettir sem haldnir eru á sveitabæjum og hafa hlutverki að gegna við að halda niðri músum. Benda má eigendum þeirra á þetta ákvæði og þeir hvattir til að halda sínum köttum einnig innandyra á varptíma. Tilmælin taki gildi um leið og stjórnunar- og verndaráætlunin hefur verið samþykkt en gildi ekki um þá heimilisketti sem nú þegar eru skráðir á verndarsvæðinu og eru útikettir.
- Notkun ómannaðra loftfara er óheimil á Kistufirði, út fyrir Kistuhöfða og Grjóteyrarklakk en leyfð á öðrum svæðum.
- Á svæðinu eru vegir og slóðar sem notaðir eru af íbúum, t.d. vegna búskapar, en ekki er ætlast til að ferðamenn noti.

Heimildir

Alþjóðlegir umhverfissamningar – Ramsar-samningur. Sótt 11.10.2016 af <https://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/157>.

Alþjóðlegur dagur votlendis. Sótt 11.10. 2016 af <https://www.ust.is/einstaklingar/frettir/frett/2010/09/02/Althjodlegur-dagur-votlendis/>

Álfheiður Sverrisdóttir. (2012). *Fuglafriðlandið í Andakíl – Verndaráætlun* (óútgefin nemandaritgerð). Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri.

Ásta Kristín Guðmundsdóttir. (2009). *Hvanneyri-fyrirmyndarsamfélag í úrgangsmálum?* (óútgefin B.S. lokaritgerð). Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri.

Björn Þorsteinsson og David Stroud. (2007) *Hvanneyri – framtíðar Ramsarsvæði?* Fræðaping landbúnaðarins 4. Sótt af <http://www.landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/key2/index.html>

Borgþór Magnússon og Svenja N.V. Auhage. (2017). *Skoðun á votlendi og fuglalífi í friðlandi við Andakílsá, 19. júní 2017*. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Brynja Davíðsdóttir. (2010). *Tillaga að göngustíg um varpland vaðfugla á Hvanneyri* (óútgefin nemandaritgerð). Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri.

Guðmundur Lúther Hafsteinsson og Guðlaug Erna Jónsdóttir. (2012). *Hvanneyrartorfan, byggða- og húsakönnun 2012*. Ísland: Höfundar.

Guidelines for Protected Area Management Categories (IUCN-flokkun) sótt af <https://portals.iucn.org/library/sites/library/files/documents/1999-048-2.pdf>

Hallfríður Guðný Ragnarsdóttir. (2016). Fiðrildaathugun á Hvanneyri árin 2010-2015. Áhrif veðurfars á tegundir, flugtíma og fjölda fiðrilda. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/29082>

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands. (2009). *Starfsleyfi til að starfrækja hreinsistöð fráveitu við Hvanneyri*.

Heildarfríðlýsing Hvanneyrar. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2015/07/11/Heildarfridlysing-Hvanneyrar/>

Helga Kristín Hermannsdóttir. (2011). *Útikennsla á Hvanneyri. Ávinningur fyrir skólastigin þrjú* (óútgefin B.S. lokaritgerð). Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri.

Kristín Sif Jónínudóttir. (2013). *Drög að verndaráætlun fyrir friðlandið í Andakíl* (óútfegin B.S. lokaritgerð). Landbúnaðarháskóli Íslands, Hvanneyri.

Landlínur. (2011). *Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022*. Sótt 14.11. 2016 af www.borgarbyggð.is.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Samþykkt um hunda- og kattahald í Borgarbyggð. (2008). Sótt 8. febrúar 2017 af www.borgarbyggð.is.

Sigurður Þráinsson, Björn Þorsteinsson, Hlynur Óskarsson og Ragnhildur Sigurðardóttir. (2012). *Information Sheet on Ramsar Wetlands (RIS)*. (Umsókn til Ramsar-skrifstofunnar um stofnun verndarsvæðis fugla í Andakíl).

Stjórnartíðindi B, nr. 338/2011. Auglýsing um verndun búsvæðis fugla í Andakíl.

Stjórnartíðindi C, nr. 1/1978. Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf. (Ramsar-samningurinn).

Stjórnartíðindi C, nr. 17/1993. Samningur um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu. (Bernar-samningurinn).

Stjórnartíðindi C, nr. 11/1995. Samningur um líffræðilega fjölbreytni.

Stroud, Rachel og Tierney Niall. (2017). *Guidelines for the provision of birdwatching and bird study facilities in Hvanneyri*. Ísland: Höfundar.

The Ramsar Convention and its mission. Sótt 14.11. 2016 af www.ramsar.org.

Tierney, Niall og Stroud, Rachel. (2017). *Birdwatching sites of interest in Hvanneyri*. Ísland: Höfundar.

Vesturlandsskógar. *Samningar um þátttöku í landshlutaverkefni í skógrækt*. (2012). Skógarkot.

Vesturlandsskógar. *Samningar um þátttöku í landshlutaverkefni í skógrækt*. (2016). Hvanneyri.

Viðauki I

Nr. 338

2. febrúar 2011

AUGLÝSING um verndun búsvæðis fugla í Andakil.

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfisráðherra hefur að tillögu Umhverfisstofnunar og með samþykki Landbúnaðarháskóla Íslands, landeigenda nálægra jarða við Hvanneyri og sveitarstjórnar Borgarbyggðar ákveðið að friðlýsa jörðina Hvanneyri og hluta jarðanna Hvitárvalla, Grímarstaða, Heggstaða, Bákstaða, Vatnshamra, Ausu, Neðri-Hrepps, Innri-Skeljabrekku, Ytri-Skeljabrekku, Árdals, Grjóteyrar, Grjóteyrartungu og Skógarkots sem búsvæði fugla í samræmi við 3. tölulið 53. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Á svæðinu er fjölbreytileiki votlendis mikill og fjölmargar tegundir fugla nýta sér svæðið. Svæðið er í farleið fugla eins og blesgæsar og fleiri tegunda sem hafa viðdvöl á leið sinni til og frá varpstöðvum. Talið er að um 10% grænlenka blesgæsastofnsins hafi viðdvöl á verndarsvæðinu vor og haust. Hvanneyrarland og nágrenni er einn af mikilvægustu viðkomustöðum blesgæsa hér á landi. Rannsókn- og fræðslugildi svæðisins er hátt.

Við ákvörðun um friðlýsinguna var höfð hliðsjón af samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979) sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993, samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Río de Janeró 1992) sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995 og samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971) sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar

Markmið friðlýsingarinnar er að varðveita og viðhalda náttúrulegu ástandi fjölbreytts votlendis og búsvæða blesgæsa og fjölda annarra fuglategunda og að vernda líffræðilega fjölbreytni svæðisins. Einnfremur er markmið friðlýsingarinnar að tryggja rannsóknir og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á búsvæði fugla og votlendi. Með friðlýsingunni er einnig tryggt aðgengi almennings að landsvæðinu til náttúruskoðunar og fræðslu.

3. gr.

Mörk verndarsvæðisins

Syðri mörk verndarsvæðisins fylgja þjóðvegi nr. 50 Borgarfjarðarbraut, frá vesturmörkum Skógarkots á Seleyri og áfram um jarðirnar Grjóteyri, Árdal, Ytri- og Innri-Skeljabrekku (að frátöldum tinum 6 ha norðan Borgarfjarðarbrautar í landi Innri-Skeljabrekku), Neðri-Hrepp og Ausu að landamerkjum Vatnshamra. Þaðan í frá fylgja mörk friðlandsins landamerkjum Vatnshamra og Ausu að Vatnshamravatni og umhverfis það eftir línu sem markast af gömlu (efri) vatnsborðsmörkum þess um land Vatnshamra og Bákstaða, þaðan beina línu út á veg nr. 510 Hvitárvallaveg. Þá fylgja mörk merkjum Hvanneyrar og Bákstaða að landamerkjum Hvanneyrar og Grímarstaða beina línu eftir merkjum þeirra jarða niður fyrir klapparása á flæðiangjar og áfram norðaustur jaðra flæðiangja neðan ása um land Grímarstaða og Hvitárvalla og út í miðja Hvítá á merki Hvitárvalla og Ferjukots. Norður- og vesturmörk svæðisins eru dregin um Borgarfjörð eins og mörk áður nefndra jarða ná út á fjörðinn og að Seleyri.

Mörk þessi eru sýnd á meðfylgjandi uppdrætti sem birtur er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari og afmarkast af eftirfarandi hnitum sem gefin eru upp í ISN93 hnitakerfi. Heildarflatarmál svæðisins er 3.086 ha.

<i>Punktur</i>	<i>X-átt</i>	<i>Y-átt</i>	<i>Punktur</i>	<i>X-átt</i>	<i>Y-átt</i>
1	362209	450086	2	363846	454079
3	366327	456106	4	368118	456628
5	370159	458405	6	369544	455725
7	369861	454280	8	368890	451941
9	367005	450931			

4. gr.

Umsjón með hinu friðlýsta svæði.

Umsjón og rekstur hins friðlýsta svæðis skal vera í höndum Votlendisseturs Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun sem umhverfisráðherra skal staðfesta. Í samningnum skal m.a. kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila, mannvirkjagerð og aðrar framkvæmdir, landvörslu og fræðslu.

Umhverfisstofnun skal í samvinnu við Votlendissetrið sjá um gerð verndaráætlunar fyrir hið friðlýsta svæði í samræmi við d-lit 6. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999, en þar skal m.a. fjallað um vöktun á lífríki.

5. gr.

Fræðsla um verndarsvæðið.

Til að tryggja verndun búsvæða fugla og fjölbreytts votlendis skal efla vitund almennings á mikilvægi verndunar svæðisins svo sem með útgáfu fræðsluefnis. Tryggja skal aðgengi almennings að upplýsingum og fræðsluefni um verndarsvæðið og verndun votlendis í náttúru landsins.

Til að tryggja sem besta verndun svæðisins og eftirfylgni verndunar skal gerð verndaráætlun fyrir svæðið þar sem m.a. verður kveðið á um vöktun lífríkis og skipulag m.t.t. aðgengis almennings og fræðslu.

6. gr.

Verndun gróðurs og dýralífs.

Vernda skal vistkerfi og líffræðilega fjölbreytmi svæðisins þannig að vistkerfið fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa framandi lífverum á verndarsvæðinu þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir í friðlandinu, utan þéttbýliskjarna sbr. kort, ræktarlanda og heimilisgarða, sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda nr. 583/2000.

Til að tryggja mikilvægi búsvæðeverndar og hins fjölbreytilega lífríkis á verndarsvæðinu skal unnið að því að fjarlægja framandi tegundir plantna og/eða dýra sem hafa verið flutt inn á svæðið og geta ógnað verndunum búsvæðum og fjölbreytileika lífríkis á svæðinu.

7. gr.

Verndun jarðmyndana.

Allt rask á jarðmyndunum, þ.m.t. hvers konar áletranir, er óheimilt á verndarsvæðinu.

8. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar framkvæmdir, svo sem nýbyggingar, þar með talið skýli fyrir skepnur og tilheyrandi aðkomuleiðir, eru háðar samþykktu skipulagi hverju sinni. Hefðbundnar landbúnaðarnyttjar haldast svo sem verið hefur. Heimilt er að halda við framræsluskurðum á svæðinu þó þannig að núverandi grunnvatnsstaða verndaðs votlendis lækki ekki, en óheimilt að grafa nýja skurði utan þeirra svæða sem merkt eru landbúnaðarsvæði á kortinu.

Óheimilt er að brenna sínu eftir 15. apríl á verndarsvæðinu. Að öðru leyti gilda lög um sínu-brennslu nr. 61/1992 og reglugerð þar að lútandi nr. 157/1993.

Efnistaka í farvegi Hvítar er heimil svo sem verið hefur og að fyrir liggja leyfi sveitarstjórnar og Veiðimálastofnunar.

Nr. 338

2. febrúar 2011

Leyfi Umhverfisstofnunar og Borgarbyggðar þarf til framkvæmda á hinu friðlýsta svæði þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. 38. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999. Allar framkvæmdir sem heimilaðar verða skv. 11. gr. þessarar auglýsingar skulu miða við að halda markmiðum friðlýsingarinnar.

9. gr.

Umferð í friðlandinu.

Almenningi er heimil för um verndarsvæðið í lögmætum tilgangi og er öllum skylt að ganga vel og smyrtilega um svæðið og fylgja leiðbeiningum landeigenda.

Umferð vélknúinna ökutækja er óheimil utan vega á verndarsvæðinu. Umferð vélknúinna vatna-leiktækja, s.s. sjókatta er óheimil innan verndarsvæðisins.

Lausaganga hunda er óheimil á svæðinu, nema um heimahunda landeigenda sé að ræða.

10. gr.

Notkun skotvopna.

Öll meðferð skotvopna vegna veiða er bönnuð á verndarsvæðinu. Þó er heimilt að veiða ref og mink á svæðinu í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Einnig eru heimilar veiðar á fuglum í því skyni að koma í veg fyrir tjón, að fenginni undanþágu ráðherra í samræmi við 3. mgr. 7. gr. laga nr. 64/1994 og verndaráætlun. Að beiðni landeigenda getur Votlendisstettrið haft milligöngu um að óska eftir slíkum undanþágum til ráðherra, telji það að þörf sé á veitingu slíkrar undanþágu.

11. gr.

Reftidkvæði.

Brot gegn reglum auglýsingar þessarar varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, sbr. 75. og 76. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

12. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 364/2002 um búsvæðavernd blesgæsar á Hvanneyri, Borgarfirði.

Umhverfisstofnun, 2. febrúar 2011.


Svandís Svavarsdóttir.

Steinunn Fjöla Sigurðardóttir.

Nr. 338

2. febrúar 2011

Fylgiskjal 1.



B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2011

Viðauki II

Samráðsaðilar

Við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar var haft samráð við landeigendur, sérfræðinga og stofnanir eftir því sem tilefni var til. Tilyfning um að vinnsla áætlunarinnar var send til eigendur eftirtalinnna jarða: Ausu, Árdals, Báreksstaða, Grímarsstaða, Grjóteyrar, Grjóteyrartungu, Heggstaða, Hvítárvalla, Innri-Skeljabrekku, Neðri-Hrepps, Skógarkots, Vatnshamra og Ytri-Skeljabrekku. Auk þess til Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri.

Eftirtaldar stofnanir og félagasamtök fengu einnig sent bréf vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlunina:

- ~ Umhverfis- og auðlindaráðuneyti
- ~ Náttúrufræðistofnun Íslands
- ~ Minjastofnun Íslands
- ~ Skipulagsstofnun
- ~ Samgöngustofa
- ~ Vegagerðin
- ~ Ríkiseignir
- ~ Náttúruverndarsamtök Íslands
- ~ Landvernd
- ~ Fuglavernd
- ~ SAF
- ~ SAMÚT
- ~ Náttúrustofa Vesturlands
- ~ Markaðsstofa Vesturlands
- ~ Flugmálafélag Íslands
- ~ Hafrannsóknastofnunin
- ~ Veiðifélag Hvítár
- ~ Veiðifélag Andakílsár

Viðauki III

Kort af svæðinu

